

**Ed. 577. Frumvarp til laga [312. mál]**

um breyting á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Fyrirsögn laganna breytist þannig:

Á milli orðanna „húsameistara“ og „tæknifræðinga“ komi orðin: húsgagna- og innanhússhönnuði.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 10. og 11. gr., og greinatala laganna breytist því til samræmis, svohljóðandi:

10. gr.

Rétt til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði (möbel- og interiörarkitekt) hafa þeir einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

11. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um getur í 10. gr., nema hann hafi stundað nám og lokið fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla eða aðra sérskóla sem stéttarfélag húsgagna- og innanhússhönnuða viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Pegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga og gefa þau út svo breytt.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Frumvarp það, sem hér er lagt til að lögfest verði og fjallar um breytingu á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, er flutt að tilmælum Félags húsgagna- og innanhússarkitekta.

Frumvarp sama efnis var áður flutt á 94. löggjafarþingi 1973, mál nr. 16, en það frumvarp náði einnig til auglýsingateiknara. Frumvarpið náði þá ekki fram að ganga vegna ákveðinnar andstöðu við lögverndun starfsheitisins auglýsingateiknari (sjá fylgiskjal 8). Frumvarpið er nú flutt einvörðungu að því er varðar húsgagna- og innanhússhönnuði. Í greinargerð með frumvarpinu frá 1973 var gerð svofelld grein fyrir málefni þessu:

„Rétt þykir að rifja í stuttu máli upp feril þessarar löggjafar, sem hér er lagt til að taki til fleiri aðila en áður var.

Sérstök lög um rétt verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga til starfsheitis voru sett 13. júní 1937, nr. 24. Þeim lögum var svo breytt með lögum nr. 44 3. apríl 1963, og var aðalbreytingin á þann veg, að starfsheitið „iðnfræðingur“ var felld niður og heitið „tæknifræðingur“ tekið upp í staðinn. Á næstu árum kom í ljós, að vissir agnúar voru á að láta það starfsheiti gilda fyrir þá, sem lokið höfðu prófi frá t. d. Byggeteknisk Höjskole og hliðstæðum skólum. Var því horfið að því ráði að breyta lögnum á ný og tekið inn starfsheitið byggingafræðingur á ný og nógildandi lög þess efnis gefin út, nr. 73 9. október 1968.“

Í niðurlagi greinargerðarinnar sagði: „Menntunarkröfur þær, sem samkvæmt frumvarpi þessu eru gerðar til manna til að fá leyfi til að kallast húsgagna- og innanhússhönnuðir, má telja hliðstæðar þeim, sem t. d. tæknifræðingar og byggingafræðingar verða að uppfylla.“

Með frumvarpi þessu fylgir bréf frá Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, dags. 27. apríl 1984, um málefni þetta, en viðræður hafa farið fram frá því í febrúar 1984 milli fulltrúa ráðuneytisins og félagsins um réttindamál þessa starfshóps.

Telja verður eðlilegt að þeir sem að húsgagna- og innanhússhönnun starfa fái lögverndað starfsheiti, svo sem er um sambærilegar stéttir.

Með frumvarpi þessu er prentuð sem fylgiskjal greinargerð frá félaginu um lögverndun starfsheitisins. Þá eru prentaðar sem fylgiskjöl umsagnir um málið, sem aflað var vegna meðferðar máls þessa á Alþingi 1972—1973 (sjá fylgiskjöl 3—8).

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til, að í fyrirsögn sé tekið í upptalningu starfsheita, sem njóta lögverndar skv. lögnum, húsgagna- og innanhússhönnuður.

Um 2. gr.

Um 10. og 11. grein: Með starfsheitinu húsgagna- og innanhússhönnuður er átt við þá, sem að menntun og starfsþjálfun eru hliðstæðir þeim, sem á erlendum málum nefnast: interior designer (enska), möbel- og interiörarkitekt (danska), Innenarchitekt (þýska).

Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, skammstafað — FHI —, hefur starfað hérlendis frá 1955 og er aðili að IFI — International Federation of Interior Designers. Námi félaga í FHI er þannig háttað:

Umsækjandi um skólavist uppfylli að jafnaði einhver eftirtalinna skilyrða:

- a) Grunnskólanám og 1 árs undirbúningsnám við sérskóla.
  - b) Stúdentspróf.
  - c) Sveinspróf frá iðnskóla.
- Allflestir skólar krefjast inntökuprófs en að því afstöðnu tekur námið að jafnaði 4 ár við listiðnaðar- eða sérskóla.

Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, — FHI —, hafði upprunalega hug á að starfsheiti félagsmanna skyldi samkvæmt lögum þessum vera húsgagna- og innanhússarkitekt, en vegna ákveðinnar andstöðu gegn því starfsheiti hefur verið fallið frá því. Félagið er nú meðmælt starfsheitinu húsgagna- og innanhússhönnuður, en telur sér hins vegar nauðsynlegt, að nafnsins möbel- og interiörarkitekt sé getið á erlendu máli innan sviga, þar eð sú skýring gefur til kynna starfssvið hliðstæðra starfshópa, t. d. í Danmörku. Er þetta í samræmi við önnur ákvæði laganna.

Um 3. og 4. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl:

1. Bréf frá Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, dags. 27. apríl 1984, ásamt umboði félagsfundar.
2. Greinargerð til iðnaðarráðuneytisins vegna umsóknar um lögverndað starfsheiti, 1984 SMJ.
3. Bréf Tæknifræðingafélags Íslands, dags. 21. júní 1972.
4. Bréf Verkfræðingafélags Íslands, dags. 23. júní 1972.
5. Bréf Byggingafræðingafélags Íslands, dags. 26. september 1972.
6. Bréf Tækniskóla Íslands, dags. 21. nóvember 1972.
7. Bréf Háskóla Íslands, dags. 8. desember 1972, ásamt þar með fylgjandi bréfum lagadeildar og verkfræði- og raunvísindadeildar til rektors, dags. 23. og 30. nóvember 1972.
8. Bréf iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis til iðnaðarráðuneytisins, dags. 11. febrúar 1974.
9. Bréf iðnaðarráðuneytisins til iðnaðarnefndar efri deildar, dags. 6. mars 1974.

### Fylgiskjal I.

FÉLAG HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSARKITEKTA  
Reykjavík Iceland P.O. BOX 5051

Iðnaðarráðuneytið  
c/o Hr. Halldór J. Kristjánsson  
Hverfisgötu 26  
Reykjavík

27.4.1984

**VARÐAR: umsókn Félags húsgagna- og innanhússarkitekta um lögverndað starfsheiti.**

Á fundi í Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta þ. 24.4.1984 var fjallað um starfsheiti félagsmanna. Fallist var á að hið lögverndaða starfsheiti samkvæmt væntanlegri breytingu á lögum nr. 73, 9. okt. 1968 yrði „HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSHÖNNUÐUR“, eins og

gert var ráð fyrir 1973. Forsendur og fyrirvarar er þetta varða koma fram í meðfylgjandi greinargerð og umboði til stjórnar félagsins, sem teljast málefnalegur hluti af bréfi þessu. Sérstaklega er bent á þær athugasemdir er stjórninni var falið að koma á framfæri við ráðuneytið og fram koma í umboðinu.

Óskað er eftir að orðalag 11. gr. breytist þannig:

— og lokið hafa fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla og aðra sérskóla sem stéttarfélag —  
o. s. frv.

Félagið þakkar skjót og raunhæf viðbrögð ráðuneytisins við málaleitan þessari og óskar eindregið eftir að unnið verði að framvindu málsins svo skjótt sem unnt er.

Virðingarfyllt  
f. h. stjórnar FHI

Sturla Már Jónsson.

Jón Ólafsson.

#### **UMBOÐ TIL STJÓRNAR FÉLAGS HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSARKITEKTA**

Félagsfundur í FÉLAGI HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSARKITEKTA, haldinn þ. 24.04.1984, samþykkir að fela stjórn félagsins að vinna áfram að undirbúningi laga um starfsheiti, er fela í sér að húsgagna- og innanhússarkitektar fái lögverndað starfsheitið HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSHÖNNUÐUR (möbel- og interiörarkitekt).

Hér er um að ræða endurflutning á frumvarpi því, er lá fyrir Alþingi árið 1973, frumvarpið til laga um breytingu á lögumnr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga. Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga í það sinn vegna andstöðu við starfssvið auglýsingateiknara, en í frumvarpi því sem lagt er fyrir nú eru auglýsingateiknarar ekki með og því eðlilegar breytingar á núverandi frumvarpi vegna þess.

Fundurinn fellst á túlkun ráðuneytisins á núgildandi lögum um starfsheiti, að starfsheitið ARKITEKT, hvort sem það stendur eitt sér eða í viðskeyti, sé ekki lögverndað og fáist ekki lögverndað nema að undangenginni breytingu á lögnum. Samkvæmt því er ráðuneytinu ekki heimilt að veita mönnum lögverndað starfsheiti sem arkitekt, eitt sér eða í viðskeyti.

Stjórn FHI er falið að koma því á framfæri við iðnaðarráðuneytið að ef fram færi endurskoðun á lögnum, er leiðir af sér breytingu, hvort sem um er að ræða setningu nýrra laga eða breytingu á lögum nr. 73 9. október 1968, verði það gert í fullu samráði við FHI. Jafnframt áskilji félagið sér allan rétt til að fara þess á leit við ráðuneytið að óska eftir breytingu á starfsheiti ef slík endurskoðun þætti gefa tilefni til.

Fundurinn er samþykkur greinargerð þeirri er stjórn FHI hefur lagt fram í iðnaðarráðuneytinu um störf húsgagna- og innanhússarkitekta og óskar jafnframt eftir því að skýringum við frumvarpið frá 1973 verði breytt og nýjar skýringar samhljóða greinargerðinni látnar fylgja.

Samþ. á félagsfundi 24.4.1984.

## Fylgiskjal II.

FÉLAG HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSARKITEKTA,  
Hverfisgötu 76,  
Reykjavík.

### **Greinargerð til iðnaðarráðuneytisins vegna rannsóknar um lögverndað starfsheiti.**

Fyrstu húsgagnaarkitektar á Íslandi luku prófi árin 1923 og 1938. Árið 1955 stofnuðu húsgagnaarkitektar með sér félag undir nafninu Félag húsgagnaarkitekta (FHA), nafni félagsins var síðar breytt í Félag húsgagna- og innanhússarkitekta (FHI) og hefur það starfað undir því nafni síðan. Í félaginu eru nú um 60 félagar.

Ástæður fyrir því að nú er óskað eftir að breyta nafni stéttarinnar í húsgagna- og innanhússhönnuði eru eftirfarandi:

- 1) Ýmislegt bendir til að starfsheitið „arkitekt“ fái ekki lögverndað undir íslenskum lögum, hvort sem það stendur eitt sér eða í samtengingu. Þannig hafa t. d. félagar í Arkitektafélagi Íslands hið lögverndaða starfsheiti „húsameistari“ en ekki „arkitekt“ eins og starfsbræður þeirra erlendis. Óátalið fordæmi Arkitektafélags Íslands hvað varðar mismæmi á milli starfsheitis húsameistara og nafns félagsins gefur hins vegar tilefni til að ætla að FHI geti haldið því nafni, er það hefur haft í næstum því 30 ár, þó svo að hið lögverndaða starfsheiti sé húsgagna- og innanhússhönnuður, a. m. k. á meðan hið nýja starfsheiti vinnur sér sess í íslensku máli.
- 2) Þegar félagið var stofnað var ekki í almennri notkun á Íslandi hugtak, er nægjanlega vel þótti taka yfir hið erlenda hugtak „design“. Auk þess voru félagsmenn, og eru enn, útskrifaðir úr námi sínu, sem flestir sóttu til Norðurlanda, sem „möbelarkitekt“ eða „indretningsarkitekt“. Á síðari árum hefur námið verið sótt í nokkrum mæli til landa þar sem „designer“ er starfsheiti stéttanna, auk þess er „design“ nú töluvert notað hugtak í Skandinavíu. Íslenska hugtakið „hönnun“ er nú almennt notað í sömu merkingu og „design“, búast má við enn aukinni notkun þess í íslensku máli á komandi árum. Í ljósi þessa þykir húsgagna- og innanhússarkitektum rétt að taka upp hið íslenska heiti „hönnuður“ og tengja starfsheiti sínu. FHI telur hins vegar nauðsynlegt að nafnsins „möbel- og interiörarkitekt“ sé getið innan sviga þar eð sú skýring gefi til kynna starfssvið hliðstæðra starfshópa erlendis.

FHI er aðili að IFI — International Federation of Interior Designer/Architects — og hefur hliðsjón af ályktunum þess hvað varðar inntöku félaga.

Með starfsheitinu húsgagna- og innanhússhönnuður er átt við þá, sem að menntun og starfsþjálfun eru hliðstæðir þeim, er á erlendum tungumálum nefnast: Interior eða furniture designer (enska), møbel- og indretningsarkitekt (danska), Innenarchitekt (þýska).

Nám í húsgagna- og innanhússhönnun er nú almennt að færast á háskólastig. Í Evrópu er lokapróf almennt samsvarandi BA prófi með möguleikum á framhaldsnámi að MA prófi. Algengur námstími er 4—5 ár. Námið fer fram við sérskóla, listiðnaðarskóla eða í arkitekta- og hönnunardeildum tækniskóla.

1984, SMJ.

**Fylgiskjal III.**

TÆKNIFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS  
Skúlagata 63  
Reykjavík  
Sími 21730 P.O. BOX 1304

Iðnaðarráðuneytið  
Arnarhváli.

Reykjavík, 21. júní 1972.

Tæknifræðingafélag Íslands mælir með, að Félag Húsgagnaarkitekta fái lögverndað starfsheiti sitt „húsgagna- og innanhúsarkitekt“ á sama hátt og aðrar starfsgreinar.

Virðingarfyllst,  
f. h. Tæknifræðingafélags Íslands  
Ásmundar J. Jóhannsson, framkvstj.

**Fylgiskjal IV.**

VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS  
Reykjavík  
Pósthólf 645 Sími 19717

Iðnaðarráðuneytið  
Arnarhvoli  
Reykjavík.

Reykjavík, 23.6.1972.

Á fundi stjórnar Verkfræðingafélags Íslands í gær var tekið til meðferðar bréf ráðuneytisins, dags. 16. þ. m., þar sem fjallað er um ósk Félags húsgagnaarkitekta um að starfsheitið húsgagna- og innanhúsarkitekt verði lögverndað, sbr. ákvæði laga nr. 73/1968 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands hefur ekki á móti því að orðið verði við ósk Félags húsgagnaarkitekta, enda sýni könnun á námsefni þeirra, að það sé að magni og gæðum hliðstætt námsefni einhverrar annarrar þeirra stétta, sem umrædd lög taka til.

Virðingarfyllst,  
Verkfræðingafélag Íslands  
Hinrik Guðmundsson.

## Fylgiskjal V.

### BYGGINGAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 26. sept. 1972.

Iðnaðarmálaráðuneytið,  
Arnarhvoli,  
Reykjavík.

Sem svar við bréfi ráðuneytisins, dags. 16.8 og 24.8, vegna umsókna Félags íslenskra teiknara og Félags húsgagnaarkitekta um lögverndun á starfsheiti, vill stjórn Byggingafræðingafélagsins taka fram eftirfarandi:

1. Stjórn BFÍ er samþykkt því, að Félag íslenskra teiknara fái lögverndun á starfsheiti fyrir félagsmenn sína.
2. Stjórn BFÍ er samþykkt því fyrir sitt leyti að Félag húsgagnaarkitekta fái lögverndun á starfsheiti fyrir félagsmenn sína, en vekur jafnframt athygli á því, að eigi liggur ljóst fyrir hvort nafnið innanhússarkitekt nær yfir nám FHA og vitnar jafnframt til þess að þeir hafa ekki viðurkenningu byggingarnefndar til breytinga á skipulagi innanhúss í byggingum.
3. Stjórn Byggingafræðingafélagsins vildi gjarnan, sé þess kostur, fá afrit af samanburði námstímalengdar tækni- og byggingafræðinga er FHA hefur gert.

F. h. stjórnar Byggingafræðingafélags Íslands,  
Sigurður Guðmundsson formaður.

## Fylgiskjal VI.

### TÆKNISKÓLI ÍSLANDS

21. nóv. 1972

Menntamálaráðuneytið,  
Hverfisgötu 6,  
Reykjavík.

#### **Málefni: Um starfsheitið húsgagna- og innanhússarkitekt.**

Ljósrit af bréfi iðnaðarráðuneytisins til menntamálaráðuneytisins um þetta efni, dags. 16.6.72, barst skólanum um mánaðamótin júlí/ágúst. Misskilningur olli því þó, að ekki varð ljóst fyrr en s. l. föstudag, að óskað er eftir umsögn um málið.

1. Almennt séð er talið jafneðlilegt eða óeðlilegt að veita þessum hóp sérmenntaðra manna einkarétt á starfsheiti eins og hverjum öðrum sérmenntuðum hópi.
2. Efnislega virðist svo sem námið, bæði að magni og gæðum, réttlæti sérstakt starfsheiti.
3. Starfsheitið „húsgagna- og innanhússarkitekt“ er þó talið meingallað, fyrir sakir lengdar og óþjálleika.

Tækniskóli Íslands  
Bjarni Kristjánsson,  
rektor.

Fylgiskjal VII.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 8. desember 1972.

Ég leyfi mér að tilkynna hinu háa ráðuneyti, að á fundi háskólaráðs hinn 7. þ. m. var gerð svofelld samþykkt varðandi starfsheitið húsgagna- og innanhússarkitekt:

„Háskólaráð hafði óskað umsagnar lagadeildar og verkfræði- og raunvísindadeildar um erindi þetta. Fram var lagt bréf verkfræði- og raunvísindadeildar, dags. 23. nóv. 1972, og bréf lagadeildar, dags. 30. nóv. 1972. Er niðurstaða deildanna mjög á sama veg, telja ekki óeðlilegt, að lögfest verði starfsheiti þeirra manna, er um ræðir, en telja vafamál, að rétt sé að nota orðið arkitekt í starfsheiti stéttar þessarar.“

Hjálögð eru ljósrit af umsögnum lagadeildar og verkfræði- og raunvísindadeildar ásamt fylgigögnum.

Allra virðingarfyllst,  
Jónatan Þórmundsson,  
varaforseti háskólaráðs.

Menntamálaráðuneytið,  
Rvík.

HÁSKÓLI ÍSLANDS  
Lagadeild

Reykjavík, 30. nóv. 1972.

Með bréfi, dags. 23. ágúst s. l., var óskað umsagnar lagadeildar um bréf iðnaðarmála-  
ráðuneytisins frá 16. júní 1972 varðandi starfsheitið húsgagna- og innanhússarkitekt. Er  
umsögn deildarinnar svohljóðandi:

„Það virðist eðlilegt, að lögfest verði starfsheiti þeirra manna, sem aflað hafa sér  
menntunar í viðurkenndum listiðnaðarskólum í húsgagnagerð og innanhússbúnaði og  
fyrirkomulagi.

Peirri lögfestingu mætti koma fram með breytingu á lögum nr. 73/1968 um rétt manna  
til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga. Yrði þá  
aftan við 8. gr. nefndra laga aukið tveimur nýjum lagagreinum, sem fælu í sér lögfestingu  
starfsheitisins og væru hliðstæðar undanfarandi greinum laganna.

Pegar litið er til 3. og 4. greinar áður nefndra laga getur virst efamál, hvort rétt er að  
nota orðið arkitekt í starfsheiti þessarar stéttar.“

Virðingarfyllst,  
Gaukur Jörundsson.

Til rektors  
Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
Verkfræði- og raunvísindadeild

Reykjavík, 23.11.1972.

Með bréfi dagsettu 23.8.1972 leitaði háskólaráð álits verkfræði- og raunvísindadeildar á erindi Félags húsgagnaarkitekta varðandi starfsheiti húsgagna- og innanhússarkitekt, sbr. bréf iðnaðarráðuneytisins til menntamálaráðuneytisins, dags. 16.6.1972, er fylgdi með í ljósriti ásamt fleiri gögnum, sem endursendast hér með.

Deildin fól verkfræðiskor að semja af sinni hálfu umsögn um málið og fer hún hér á eftir:

Deildin hefur ekki á móti því, að starfsheiti viðkomandi aðila fái lögvernd, en telur, að slíkt eigi ekki að fela í sér nein sérréttindi önnur en notkun heitisins.

Deildin bendir þó á, að óheppilegt sé, að orðið arkitekt felist í starfsheitinu, þar eð starfsheitið arkitekt er þegar lögverndað heiti annarrar stéttar.

Virðingarfyllst,  
Magnús Magnússon,  
deildarforseti.

Til rektors Háskóla Íslands.

**Fylgiskjal VIII.**

ALÞINGI

Efri deild, 11. febrúar 1974

Iðnaðarnefnd efri deildar hefur haft til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Nefndinni hafa borist margar umsagnir um frumvarpið. Í ljós kemur að mikil andstaða virðist ríkja um þann þátt frumvarpsins, sem fjallar um rétt til að kalla sig auglýsingateiknara. Má heita, að allir aðilar, sem umsagnir veita, tjái sig mótfallna frumvarpinu að þessu leyti.

Í þessu sambandi veldur það sérstaklega andstöðu, að í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram, að umræddur réttur til starfsheitis eigi jafnframt að tryggja rétt til viðkomandi starfs. Slíkt verður hins vegar ekki séð af lögnum sjálfum.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið rakið, vill iðnaðarnefnd efri deildar fara fram á nánari skýringar ráðuneytisins bæði á almennum skilningi þess á einkarétti manna til starfs í samræmi við starfsheiti og um venjur í þessu sambandi.

Virðingarfyllst,  
f. h. iðnaðarnefndar efri deildar,  
Steingr. Hermannsson.

Iðnaðarráðuneytið,  
Arnarhvoli,  
Reykjavík.

**Fylgiskjal IX.**

**IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ**  
Arnarhvoli Reykjavík

06.03.74

Hr. alþingismaður  
Steingrímur Hermannsson  
formaður iðnaðarnefndar  
efri deild  
ALÞINGI

Af tilefni bréfs iðnaðarnefndar efri deildar, dags. 11. febrúar s. l., með fyrirspurn um skilning á einstökum atriðum varðandi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

Í athugasemdum við frumvarpið segir m. a., að það sé síst að ófyrirsynju að þeim, sem hafa aflað sér sérþekkingar, sé mikið í mun, að þeir hafi erindi sem erfiði og þ. á m. að þjóðfélagið virði framlag þeirra og framtak, m. a. með því að veita þeim opinbera viðurkenningu í mynd starfs- og stéttarheita, til að tryggja rétt þeirra gegn hugsanlegum ágangi annarra, sem ekki hafa til brunns að bera svo ítarlega þekkingu og sérhæfni, sem hér er krafist.

Svo sem fram kemur í þessari tilvitnun og í orðalagi einstakra greina frumvarpsins er tilgangur laganna sá, að tryggja þeim mönnum, sem hafa aflað sér tiltekinnar menntunar á sérsviði, einkarétt til starfsheitis. Með þessu er það tryggt, að þeir einir, sem aflað hafa sér tiltekinnar menntunar, fái leyfi ráðherra til að nota lögverndað starfsheiti. Með lögnum er jafnframt öðrum bannað að nota hið lögverndaða starfsheiti. Þeir, sem skipti eiga við þær starfsstéttir, sem hafa lögverndað starfsheiti, geta þar með treyst því, að þær hafi aflað sér þeirrar lágmarksmenntunar, sem tilskilin er í lögnum.

Í lögnum er viðkomandi starfsstéttum, sem rétt eiga til starfsheitis, ekki jafnframt veittur einkaréttur til starfa á viðkomandi sviði. Rétturinn til starfsheitis tryggir þá, sem aflað hafa sér tilskilinnar lágmarksmenntunar, gegn ágangi á starfsheitið, án þess að þeim sé jafnframt tryggður réttur hvað þá einkaréttur til viðkomandi starfs.

Það er því rétt, sem fram kemur í fyrrgreindu bréfi yðar, að í lögnum er ekki verið að tryggja auglýsingateiknurum eða húsgagna- og innanhússhönnuðum rétt til tiltekins starfs, heldur til tiltekins starfsheitis. Tilvísun yðar í athugasemdir með frumvarpinu, þess efnis að þar komi fram að umræddur réttur til starfsheitis eigi jafnframt að tryggja rétt til viðkomandi starfs, er því á misskilningi byggð. Orðalag þess efnis er eigi að finna í umræddum athugasemdum.

Væntir ráðuneytið þess, að með ofanrituðu sé fullnægjandi svar fengið af ráðuneytisins hálfu við fyrirspurn yðar.

F. h. r.  
e. u.

Árni P. Arnason.